



### Skýrsla um banaslys í umferðinni

Mál nr.: **2022-049U009**

Dagsetning: **8. júlí 2022**

Staðsetning: **Meðallandsvegur**

Atvik: **Útafakstur og velta**

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

# Samantekt

Þann 8. júlí 2022 varð bílvelta á Meðallandsvegi skammt sunnan Kirkjubæjarklausturs vestan við býlið Þykkvabæ 3. Bifreið, sem ekið var hratt í norðausturátt, rann til vinstri í hægri beygju, út fyrir veg og endastakkst nokkrum sinnum. Áætlaður hraði bifreiðarinnar var um 174 km/klst.

Þrír farþegar auk ökumanns voru í bifreiðinni. Einn farþegi var í framsæti og tveir í aftursæti. Farþegi í miðju aftursæti lést í slysinu. Farþegar í framsæti og vinstra aftursæti slösuðust alvarlega og voru fluttir með þyrlu á bráðamóttöku í Fossvogi. Ökumaður var ekki fluttur á bráðamóttöku en var undir eftirliti læknis á Kirkjubæjarklaustri. Niðurstaða áfengismælingar á ökumanni reyndist jákvæð.

## 1. Helstu staðreyndir

### 1.1 Staðsetning



Mynd 1. Slysið varð á Meðallandsvegi skammt frá Kirkjubæjarklaustri, við Þykkvabæ 3.

### 1.2 Helstu upplýsingar

**Látin:**

20 ára kona.

**Veður og birta:**

Hiti 8°C, veður þurrt og bjart.

**Vegur:**

Bundið slitlag. Hámarkshraði 90 km/klst.

Meðaltalsumferð á sólarhring var 76 ökutæki.

**Tími sólarhrings:**


02:55.

**Ökutæki:**

Dodge Magnum fólksbifreið, nýskráð 2005.

### 1.3 Atvikalýsing

Þann 8. júlí 2022 var Dodge Magnum fólksbifreið ekið Meðallandsvegur í norðausturátt. Auk ökumanns voru þrjú farþegar í bifreiðinni. Bifreiðinni var ekið hratt í hægri beygju og tók afturendi hennar að renna til vinstri með þeim afleiðingum að hún hafnaði utan vegar. Bifreiðin endastakkst fjórum sinnum og stöðvaðist á hægri hlið um 30 metra norðan vegarins. Heildarlengd vettvangs var um 176 metrar. Tilkynnt var um slysið til lögreglu kl. 02:55. Rannsóknarnefnd samgönguslysa fékk tilkynningu um kl. 03 og fór á slysstað.



Mynd 2: Yfirlitsmynd af slysstað sem sýnir akstursátt bifreiðarinnar, ákomur á jarðvegi og staðsetningu bifreiðarinnar eftir slysið. A: Skriðför á vegi, B: Skriðför utan vegar, C: Ákomur eftir bifreiðina, D: Endastaður bifreiðar (Gulur hringur), E: Brak úr bifreiðinni, F: Akstursstefna bifreiðarinnar. (Ljósmynd: Tæknideild LRH.)

### 1.4 Áverkar

Farþegi í miðjusæti aftursætis lést á slysstað af völdum fjörláverka. Farþegar í framsæti og vinstra aftursæti slösudust alvarlega. Ökumaður hlaut minniháttar áverka. Ökumaður og farþegar voru spenntir í öryggisbelti þegar slysið varð.

### 1.5 Ökutækið

Bifreiðin var tekin til bíltæknirannsóknar. Ekkert í niðurstöðum bíltæknirannsóknarinnar benti til þess að rekja mætti orsakir slyssins til ástands bifreiðarinnar.

#### Dodge Magnum

Bifreiðin var fimm dyra, bensínknúin með afturhjóladrifi. Nýskráning var í október 2005. Bifreiðin var með gilda skoðun þegar slysið átti sér stað og var síðast tekin til aðalskoðunar 2. maí 2022 án athugasemda. Eigin þyngd bifreiðarinnar var 1861 kg. Bifreiðin var útbúin misslitnum heilsársdekkjum.



Mynd 1: Fólksbifreiðin á slysstað eftir að hafa verið velt yfir á hjólin.

## 1.6 Ökuhraði

Sökum aldurs bifreiðarinnar var ekki hægt að lesa hraða úr tölvu hennar. Leyfður hámarkshraði á vettvangi var 90 km/klst við bestu aðstæður. Hraðaútreikningur gaf til kynna að bifreiðinni hefði verið ekið á um  $174 \pm 13$  km/klst hraða fyrir slysið.

## 1.7 Vegur og umhverfi á slysstað

Meðallandsvegur nr. 204 er tengivegur sem liggur til suðurs frá vegi nr. 1 skammt austan Kúðafljóts og tengist að nýju hringveginum skammt frá Kirkjubæjarklaustri. Hægri beygja er á veginum þar sem slysið varð. Vegurinn mældist um 5,8 m á breidd og með bundnu slitlagi. Slysstaður er utan þéttbýlis.

## 1.8 Áfengis- og lyfjaprófanir

Niðurstaða áfengisrannsóknar á ökumanninum var jákvæð. Lyf mældust í blóði í læknisfræðilegum skömmtum, sem ekki er talið að hafi haft áhrif á orsök slyssins.

## 2. Niðurstöður orsakagreiningar

### Orsakir

- Ökumaður var ölvaður
- Ökumaður ók nálægt tvöföldum hámarkshraða

## Mikilvægar ábendingar

### Akstur undir áhrifum áfengis

Undanfarin ár hefur akstur undir áhrifum áfengis verið algeng orsök banaslysa í umferðinni. Eins og alþekkt er hafa vímuefni áhrif á dómgreind ökumanna og skynjun á umhverfið. Áfengismagn í blóði þarf ekki að vera mikið til að áhrifin skerði einbeitingu hins ölvaða, sjónsvið minnkar og fjarlægðarskyn versnar. Eftir því sem ölvun er meiri, lengist viðbragðstími og hreyfistjórnun og rökvisi skerðast. Rannsóknarnefnd samgönguslysa ítrekar fyrri ábendingar um akstur undir áhrifum áfengis. Að mati nefndarinnar er nauðsynlegt að koma þeim skilaboðum áfram á framfæri við ökumenn að þeir aki ekki bifreið undir neinum kringumstæðum eftir að hafa neytt áfengis.



### **Of hraður akstur**

Rannsóknarnefnd samgönguslysa hefur áður fjallað um hraðakstur og afleiðingar hans í skýrslum sínum. Of hraður akstur hefur verið ein af algengustu ástæðum banaslysa í umferðinni og ítrekar nefndin mikilvægi þess að ökumenn aki ekki hraðar en hámarkshraði og aðstæður leyfa hverju sinni.

### **Skýrsluna samþykkja:**

Guðmundur Freyr Úlfarsson

Guðrún Nína Petersen

Áslaug Árnadóttir

Guðrún María Svavarsdóttir

### **Fyrir hönd Rannsóknarnefndar samgönguslysa**

Björgvin Þór Guðnason

Stjórnandi rannsóknar

**Reykjavík 31.10.2023**

**Rannsóknarnefnd samgönguslysa**